

Skólaráðsfundur 18. janúar 2022 – TEAMS-fundur

Mættir: María Jónsdóttir skólastjóri, Alfreð Maríusson fulltrúi starfsmanna, Álfrún Ýr Björnsdóttir fulltrúi kennara, Jóna Margrét Harðardóttir fulltrúi foreldra, Stefán Guðmundsson fulltrúi nemenda.

Ritari: Ingunn Huld Kristófersdóttir aðstoðarskólastjóri.

- **Heimsfaraldur, áhrif á skólastarf hjá okkur:** Hefur litað skólastarf mjög mikið, þá hafa verið rúmlega 20 smit innan skólans og önnur rúmlega 20 smit utan skóla. Smit hafa greinst í öllum árgöngum. Unnið í samstafi við Almannavarnir að smitrakningu. Við ákvörðun um hverjir fara í sóttkví er miðað við 2m radíus í kringum hinn smitaða og vinahóp, restin af hópnum fer í smitgát. Í smitgát geta nemendur mætt í skólann og geta lifað nokkuð eðlilegu lífi. Að öðru leyti hefur gengið vel. Töluverður fjöldi hefur farið í sóttkví. Skólastarf er að þyngjast. Miðað við heildartölur smita í þjóðfélaginu þá virðist þeim ekki vera að fækka.
- **Fyrirspurn frá Jónu: Hvernig er staðan á bólusetningu hjá starfsfólki?** Mikill meirihluti starfsfólks er bólusettur, ýmist búið að fá 2 eða 3 bólusetningar.
- **Skóladagatal fyrir næsta skólaár:** María sendi drög með fundarboði – Skólaasetning er 23. ágúst 2022 - Vetrarfrí 24.-25. október 2022 og 23.-24. febrúar 2023. Þrír skipulags dagar eru settir inn sem eru sameiginlegir í Kópavogi. Tveir dagar eiga eftir að koma inn í október og janúar og eru þeir ákveðnir í samstarf við Hörðuvallaskóla. Október skipulagsdagur er yfirleitt sama dag og Menntakvika HÍ. Einnig á eftir að bæta við nemenda- og foreldraviðtölum inn á dagatalið. Könnun er í gangi meðal kennara. Kennsludagar eru 180 og þarf skóladagatalið að vera tilbúið 15. febrúar. Stefnum á að skóladagatalið sé tilbúið um mánaðarmót janúar/febrúar og umræður verða um það á fundi 15. febrúar.
- **Nemenda- og foreldraviðtöl:** Gott að hafa rafrænt og hafa möguleika á að hafa annað foreldri með rafrænt þegar það eru staðviðtöl.
- **Önnur mál:** engin önnur mál.
- Minni á að senda á Maríu póst ef einhver málefni brenna á ykkur.
- Fundi slitið kl: 9:00 – næstu fundur er 15. febrúar 2022